

Mál nr. 317/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging

Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Bótaskylda. Eigin áhætta. Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 29. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. október 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M, lögmaður, sé ósáttur við að V, tryggingafélag sitt hafi krafðið X, um eigin áhættu af starfsábyrgðartryggingu M hjá V. Forsaga málsins er sú að A, fyrrum umbjóðandi M, lenti í slysi 5. ágúst 2018. Hafi M fengið undirritað umboð frá A 3. apríl 2019 til þess að sækja bætur honum til handa m.a. frá tryggingafélaginu Y. Í málskoti sínu rekur M samskipti sín við tryggingafélagið Y, þá lækni meðferð sem A var í á þessum tíma og þá gagnaöflun frá meðferðaraðilum sem M réðist í vegna slyss A. Illa hafi gengið að fá lokavottorð frá meðferðarlækni en þegar það barst hafi M sent vottorðið til Y 28. september 2022. Tveimur dögum síðar, 30. september 2022, hafi Y sent tölvupóst til M þar sem óskað var eftir frekari gögnum. Frekari samskipti eiga sér stað milli M og Y í febrúar 2023 en svo var það 24. mars 2023 sem Y hafnaði bótaskyldu vegna slyss A á þeim grundvelli að slysið hafi frá upphafi verið tilkynnt að liðnum árs tilkynningafresti og að þriggja ára matsfrestur samkvæmt skilmála tryggingarinnar hafi verið liðinn en á þeim tíma var A kominn með nýjan lögmann og fékk M því ekki afrit af þeim tölvupósti. Það var ekki fyrr en gerð var krafa í starfsábyrgðartryggingu M hjá V, sem hann fékk vitneskju um niðurstöðuna eða upplýsingar um að A hefði afturkallað umboð sitt til hans. Af hálfu V var bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu M samþykkt á þeim grundvelli að M hefði ekki gætt nægilega að frestum í máli A.

M er ósáttur við þá afstöðu V að fallast á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu hans. Niðurstaða Y hafi verið röng og illa unnin. Seinagangur við gagnaöflun hafi ekki verið á hans forræði og leit M svo á að með samskiptum sínum við Y væri búið að samþykkja alla fresti í málinu þótt þrjú ár væru liðin frá slysi áður en örorkumat væri gert. Þessi áskilnaður um þrjú ár eftir slys geti við ósanngjarn ef aðstæður séu þannig að því verði einfaldlega ekki viðkomið vegna seinagangs heilbrigðisþjónustunnar. Bendi M á að af hálfu Y hafi aldrei verið vakið máls á því að þriggja ára fresturinn væri liðinn fyrr en með tölvupósti 24. mars 2023, þrátt fyrir að hann hefði liðið 5. ágúst 2021. Unnið hafi verið í málinu án athugasemda Y og tók Y sjálft þátt í að vinna í því með M eftir að fresturinn var liðinn. Því sé um að ræða algert tómlæti Y að halda því á lofti að þriggja ára fresturinn væri liðinn og hvað þá eins ár fresturinn. Þá hafi V ekki skilgreint nægilega eigin áhættu þ.e. á hverju hún byggist, en enginn grundvöllur sé til þess að X eigi að bera eigin áhættu í þessu máli þegar Y var búið að samþykkja með tómlæti sínu vinnu við málið af hálfu M alveg fram til ársins 2023. Telur M því að hafna eigi því að X beri eigin áhættu af tryggingu hjá V vegna þessa máls.

Í bréfi V til nefndarinnar er rakin tímalína samskipta milli V og M vegna þessa máls. Bótaskylda hafi verið samþykkt á þeim grundvelli að M hefði ekki gætt að því að óska eftir framlengingu þriggja ára matsfrests frítímaslysátryggingar A hjá Y. Þá hefi einnig verið spurning hvort ársfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, til þess að tilkynna slys A til Y hefði verið liðinn þegar slysið var tilkynnt. Hafi V ekki fengið að sjá gögn um að hann hefði tilkynnt slysið til Y í júlí 2019 fyrr en í málskoti þessu en það breyti ekki afstöðu V til bótaskyldu enda óumdeilt að þriggja ára matsfrestur skilmála frítímaslysátryggingar rann sitt skeið meðan M hafði umboð til að vinna í málinu. Hvað þriggja ára matsfrestinn varði sé dómaframkvæmd orðin töluverð og hafi Hæstiréttur í mörgum dómum fjallað um matsfrestinn. Lögmennt lúti sérfræðiábyrgð, þ.e. ströngu sakarmati, og beri þeim að neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna, sbr. 18. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998. Það verði að gera ríka kröfu til lögmanna sem taki að sér hagsmunagæslu fyrir einstaklinga að þeir þekki til eða kynni sér þá tímafresti sem eigi við í málinu hvort sem þeir byggja á lögum að skilmálum trygginga og bregðist við ef umræddir tímafrestir séu að renna út. Í samræmi við skirteini

tryggingarinnar og grein 7.1. í skilmála tryggingarinnar ber vátryggðum að greiða eigin áhættu vegna tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum rekur M ástæður þess að illa hafi gengið að afla gagna. Covid-19 heimsfaraldur hafi geisað og enginn hafi sinnt störfum að einhverju viti hvort sem það voru lækna, lögfræðingar eða aðrir. Allt hafi verið meira og minna stopp. Þessir tímar hafi verið hamfarir sem verði að taka tillit til í máli þessu og ekki sé hægt að miða tímafresti við það sem var með öllu óraunhæft. Undir þessum ótrúlegu kringumstæðum í heiminum og á Íslandi hafi láðst að óska eftir því við Y að fá framlengdan þriggja ára matsfrest. Þá hafi forkastanlegur seinagangur heilsugæslunnar og breyting A á læknum einnig haft áhrif. Það skipti máli að Y sendi tölvupóst til M 30. september 2022 þar sem það fór fram á frekari gögn vegna slyssins. Á þessum tímapunkti voru liðin meira en þrjú ár frá slysdegi og samkvæmt málalíbúnaði V og Y, var þriggja ára matsfrestur liðinn 5. ágúst 2021. Með þessari ósk Y um frekari gögn í stað þess að hafna frekari afgreiðslu málsins vegna þriggja ára matsfrestsins samþykkti Y frekari frest við öflun gagna eðli málsins samkvæmt. Sá frestur hafi verið jafn langur því sem tók að afla gagnanna enda lengd hans ekki tiltekin. Í ofanálæg var Y í sambandi við M um öflun upplýsinga og gagna frá 13. janúar 2023 til 7. febrúar 2023. M fékk ekki gögnin sem Y bað um fyrr en 17. maí 2023. Í millitíðinni, eða þann 24. mars 2023 var afstaða til bótaskyldu sent til nýs lögmanns A. Y hafi aldrei vakið máls á því við M að þriggja ára matsfresturinn væri liðinn enda framlengdi Y hann sjálfkrafa með því að óska eftir frekari gögnum ári eftir að hann var liðinn.

Álit.

Ágreiningslaust er að umbjóðandi M, A, hafi orðið fyrir slysi 5. ágúst 2018 og að M hafi tekið að sér að sækja bætur honum til handa á grundvelli frítímaslysatryggingar hjá Y. M hafði umboð til að annast málið frá apríl 2019 þar til umboðið var afturkallað. Bótaskylda var síðar samþykkt úr starfsábyrgðartryggingu M hjá V á þeim grundvelli að M hefði ekki gætt að því að óska eftir framlengingu þriggja ára matsfrests samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. M mótmælir þeirri niðurstöðu og telur að V hafi ranglega fallist á bótaskyldu, auk þess sem hann mótmælir því að X, eigandi lögmannsstofunnar, beri greiðslu eigin áhættu samkvæmt tryggingunni. Samkvæmt gögnum málsins rann þriggja ára matsfrestur samkvæmt skilmálum frítímaslysatryggingar A hjá Y út 5. ágúst 2021, á meðan M hafði umboð til að annast málið. M byggir á því að Y hafi með framgöngu sinni samþykkt að fresturinn skyldi framlengdur, þar sem félagið óskaði eftir frekari gögnum með tölvupósti 30. september 2022 og hafi síðar átt samskipti við hann um öflun gagna í janúar og febrúar 2023. Hann telur að af því leiði að Y hafi sýnt tömlæti við að byggja á liðnum matsfresti.

Nefndin tekur undir það með V að það sé á ábyrgð lögmanns að fylgja eftir öllum frestum sem geta haft þýðingu fyrir réttindi umbjóðanda. Þótt ytri aðstæður, svo sem dráttur á gagnaöflun eða áhrif heimsfaraldurs, geti torvelað framgang mála, breytir það ekki þeirri meginreglu að lögmaður þarf að tryggja að framlenging fresta sé formlega staðfest. Það að tryggingafélag óski eftir viðbótargögnum eftir að matsfrestur er liðinn jafngildir ekki framlengingu hans, enda er slíkt háð formlegri beiðni og samþykki. Að því er varðar kröfu M um að X beri ekki eigin áhættu samkvæmt starfsábyrgðartryggingunni er vísað til þess að samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, nánar tiltekið gr. 7.1., ber vátryggðum að greiða tiltekna eigin áhættu vegna tjóns sem fellur undir trygginguna. Engin sérstök atvik liggja fyrir í málinu sem gefa tilefni til undantekningar frá þeirri reglu.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi gert mistök við hagsmunagæslu A gagnvart Y, og að X beri að greiða eigin áhættu til V samkvæmt skilmálum tryggingarinnar.

Niðurstaða.

X ber að greiða V eigin áhættu samkvæmt vátryggingarsamningi.

Reykjavík, 28. október 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir